



Ljósmynd/Gungör Tamzok

kifirði með komu Borealis

lega 1.100 manns búa á Eskifirði og má því segja að tíma-
dið hafi fjölgað hressilega í bænum.
Borealis er skráð í Hollandi, tæplega 62 þúsund brúttótonn
tærð og kom áður við í Reykjavík, Ísafirði og á Akureyri í

Þessi ferð sinni til Íslands. Borealis var fyrsta skemmti-
ferðaskip ársins hér á landi, en það lagðist að bryggju á Ak-
ureyri um miðjan mars. Á næstu dögum og vikum er von á
fjölda skemmtiferðaskipa til landsins. aij@mbl.is

Sala á SÁÁ-álfnum hafin

● Töfra-álfurinn skartar fjólubláum hatti og sprota

Aldrei hafa jafnmargir komið að ár-
legri sölu SÁÁ-álfsins eins og nú en
hún hefst í dag og stendur yfir til 8.
maí. Í tilefni þess kom Willum Þór
Þórsson heilbrigðisráðherra og
keypti fyrsta álfinn í húsakynnum
samtakanna í Efstaleiti í gær.

Einar Aron, einn yngsti töframað-
ur landsins, afhenti ráðherra álfinn
sem var vel við hæfi þar sem um
töfra-álf er að ræða og skartar hann
fjólubláum hatti og sprota.

Guðný Pálsdóttir, verkefnastjóri
SÁÁ, kveðst afar þakklát fyrir þann
stuðning sem þjóðin hefur sýnt í
gegnum árin og segir hún álfasölu
vera lífæð fjáröflunar samtakanna.
Vonar hún að landsmenn taki vel á
móti þeim sem sjá um sölu og eru
væntanleg í hús á næstu dögum en
hún segir álfinn hafa töfrandi áhrif á
ungt fólk. hmr@mbl.is



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Töfra-álfur Einar Aron töframaður afhenti Willum Þór Þórsson heilbrigðis-
ráðherra fyrsta álfinn í gær í húsakynnum SÁÁ í Efstaleiti.